



LÖGMANNSSTOFA

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	15.01.2016
Málalýkill	5.20
Mál nr.	1601308

Hönnunarsafn Íslands
Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður
Garðatorgi 1
201 Garðabær

Reykjavík, 11. janúar 2016,

Efni: Nýting á höfundarverki Hönnu Guðlaugar Guðmundsdóttur

Til mín hefur leitað Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, listfræðingur, vegna aðkomu Hönnunarsafns Íslands að nýtingu á höfundaréttindum hennar.

Í janúar 2012 fékk Hönnunarsafn Íslands umbjóðanda minn til að rita sögu Glits og var áformað að afraksturinn kæmi út í bókarformi. Ákveðið hafði verið að sýningin *Innlit í Glit* yrði haldin í safninu á árinu 2013. Haustið 2012 gerðuð þér umbjóðanda mínum grein fyrir að erfiðleikar væru því samfara að fjármagna útgáfu efnisins í bók en það hafði verið forsenda þess að umbjóðandi minn tók að sér verkefnið. Þrátt fyrir það hélt umbjóðandi minn vinnunni áfram í þeirri von að af útgáfu yrði.

Sýningin *Innlit í Glit* var opnuð 8. febrúar 2013 og stóð til 26. maí s.á. Fyrir sýninguna sendi umbjóðandi minn yður grein sína *Innlit í Glit og íslenska leirlistasögu* í því horfi er hún var þá. Ekki var haft sérstakt samráð við umbjóðanda minn um notkun titils greinarinnar sem titil á sýninguna. Þér unnuð texta fyrir sýninguna upp úr greininni er birtir voru á vegg á sýningunni. Lengd textanna var samtals um 1.600 orð. Í umfjöllun um sýninguna á vef safnsins var umbjóðanda míns getið þannig: *Ritun heimildar um sögu Glits 1958 – 1970: Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir*. Textinn var einnig notaður í fréttatilkynningu og í viðtölum og greinum í fjölmiðlum án þess að umbjóðanda míns væri að nokkru getið. Umbjóðandi minn lét í vonbrigði sín með þessa tilhögun í tölvupósti til yðar 8. febrúar 2013. Þrátt fyrir að fram hafi komið fram af yðar hálfu viku áður en sýningin opnaði að safnið væri enn að leita leiða til að fjármagna útgáfu bókar hefur enn ekki orðið af neinni útgáfu.

Nú nýlega varð umbjóðandi minn þess vör að vorið 2014 lagði Vigdís Gígja Ingimundardóttir fram ritgerð til BA prófs í listfræði við Háskóla Íslands en heiti hennar er *Ísland er svo keramískt – Leirlist Steinunnar Marteinsdóttur*. Í ritgerðinni er svofelld færsla í heimildarskrá: *Texti af sýningu, unninn úr óbirtri grein eftir Hönnu Guðlaugu Guðmundsdóttur. Innlit í Glit, Hönnunarsafn Íslands, 8. febrúar – 26. maí 2013*. Vitnað er til þessarar heimildar í neðanmálgreinum 30 og 32 á bls. 11 í ritgerðinni.

Textinn sem umbjóðandinn minn lét safninu í té snemma árs 2012 nýtur verndar sem höfundarverk samkvæmt 1. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 74/1972. Umbjóðandi minn hefur ekki afhent textann öðrum en yður fyrir hönd Hönnunarsafnsins. Með vísan til þessa fer umbjóðandi minn fram á að þér upplýsið hvort þér eða aðrir starfsmenn safnsins afhentuð höfundi BA

ritgerðarinnar texta umbjóðanda míns og hvaða heimild þér teljið liggja til grundvallar slíkri afhendingu.

Þess er óskað að svar við erindi þessu hafi borist mér eigi síðar en 20. þ.m.

Virðingarfyllst,



Erla S. Árnadóttir, hrl.